

KJARASAMNINGUR
milli
Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja
og
Samtaka atvinnulífsins

1. gr.

Kjarasamningur Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins tekur sömu breytingum og greinir í kjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 21. desember 2013. Gildistími sammingsins er frá 1. febrúar 2014 til 28. febrúar 2015.

2. gr.

Kaupliðir

Almenn launahækkun

Hinn 1. febrúar 2014 skulu laun og kauptaxtar hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.

Sérstök hækkun kauptaxta, kr. 230.000 og lægri

Kauptaxtar sem eru kr. 230.000 eða lægri hækka sérstaklega um kr. 1.750. Kauptaxtar gilda frá 1. febrúar 2014.

Desember- og orlofsuppbót

Desember- og orlofsuppbætur hækka samtals um kr. 32.300 frá síðast gildandi kjarasamningi.

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 73.600.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 39.500.

Í stað launabreytinga frá 1. janúar 2014 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 14.600 m.v. fullt starf, enda hafi starfsmaður starfað í janúar og var enn í starfi 1. febrúar 2014.

3. gr.

Framlag í menntunarsjóð hækkar 1. janúar 2014 um 0,1%.

4. gr.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu skal kynna viðsemjanda fyrir kl. 16:00 þann 19. mars 2014.

Reykjavík, 11. mars 2014

F.h. Samtaka starfsmanna
fjármálafyrirtækja



F.h. Samtaka atvinnulífsins

